

Nd. 28. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 74 29. desember 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Aftan við 1. grein laganna bætist svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili Síldarútvegsnefndar, er nú situr, skulu skipaðir í nefndina tveir fulltrúar til viðbótar þeim 5, sem fyrir eru og tveir til vara. Skal Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi tilnefna annan fulltrúann ásamt varamanni og Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi hinn og varamann hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir:

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 74 29. desember 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að síldarútvegsnefnd hafi, eins og undanfarin ár, verið veittur einkaréttur til að selja og flytja til útlanda alla saltsild og eðlilegt þyki, að félögum síldarsaltenda, sem verka síldina til útflutnings, gefist kostur á að tilnefna menn í nefndina. Beri því brýna nauðsyn til að breyta lögum nr. 74 29. desember 1934 í þessa átt.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 1. grein laganna bætist svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili Síldarútvegsnefndar, er nú situr, skulu skipaðir í nefndina tveir fulltrúar til viðbótar þeim 5, sem fyrir eru og tveir til vara. Skal Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi tilnefna annan fulltrúann ásamt varamanni og Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi hinn og varamann hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.